

Erindi nr. P 119 199  
komudagur 9/6. 1995

**Til: Vilhjálms Egilssonar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar**  
**Frá: Birni G. Ólafssyni**  
**Efni: Útreikningar á Tollgildum**

Í Morgunblaðinu í morgun er greint frá því að útreikningar á tollgildum séu taldir óraunhæfir að því leyti að miðað sé við heimsmarkaðsverð sem er mun lægra en það verð sem stendur til boða innflytjendum. Er þá miðað við þær gæðakröfur sem gera verður héraendis. Einnig kom fram að þessar staðreyndir hafi komið mönnum á óvart

Í þessu sambandi er rétt senda eftirfarandi tvær athugasemdir en ég vann ásamt öðrum að útreikningi að tollgildum á vegum landbúnaðráðuneytisins á sínum tíma.

1) Engum þarf að koma á óvart að heimsmarkaðsverð sem er notað í útreikningunum er mjög lágt. Stuðst er við verðupplýsingar frá Noregi og Svíþjóð að hluta en hafa verður í huga að allar þjóðir reyna að sýna sem hæst tollgildi í fyrstu atrennu til að tryggja sem besta samningsaðstöðu. Litlar sem engar athugasemdir voru gerðar af öðrum þjóðum þegar tollgildisreikningar voru lagðir fram eftir því sem næst verður komist.

2) Í samnigaviðræðum GATT er yfirleitt byrjað út frá hámarks stöðu og menn semja sig niður. Há byrjunar tollgildi eru ekki vandamál frá sjónarhóli GATT viðræðanna. Eftir að búið er að breyta innflutningtakmörkunum í tollgildi leiðir samningaferlið yfirleitt til ört lækkandi tolla eins og reynslan sýndi eftir stríð þegar tollar voru mjög háir á iðnvarningi en þeir lækkuð fljótlega í GATT lotunum. Ef stjórnvöld í litlu landi vilja beita tollgildum að fullu til þess að hindra innflutning og samkeppni við innlenda framleiðslu er það innanlandsvandamál fyrst og fremst. Þó gætu aðrar þjóðir sem vilja selja til Íslands gert athugasemdir við þá tolla sem nú er fyrirhugað að nota þar sem þeir eru í reynd áframhald á innflutningsbanni.

Að lokum vil ég segja að tollgildi ætti að nota þannig að innflutningur verði á svipuðu verði og innlend framleiðsla til að byrja með. Vandamál landbúnaðarins verður að leysa með öðrum hætti en viðskiptatakörkunum eða tollmúrum.